

Fundargerð

Fyrsti fundur samstarfshóps vegna gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Látrabjarg

haldinn í gegnum Teams þann 26. nóvember 2021, kl. 17:00-18:00

Fundarmenn:

Aðalheiður Pálmadóttir, fulltrúi landeigenda
Edda Kristín Eiríksdóttir, fulltrúi frá Umhverfisstofnun
Geir Gestsson, fulltrúi Vesturbyggðar
Jón Pétursson, fulltrúi landeigenda
Þórdís Björt Sigþórsdóttir, fulltrúi frá Umhverfisstofnun

Markmið fundar

Fara yfir hvernig vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlana fer fram, hlutverk samstarfshóps, verk- og tímaáætlun samþykkt, fara yfir samráðsáætlun og hagsmunaaðilagreiningu, önnur mál.

Dagskrá

Þórdís kynnti fyrir hópnum hvernig vinna við gerð áætlana fer fram.
Verkáætlun var samþykkt af hópnum og stefnt er að áætlunin verði sett í auglýsingu sumarið 2022 og tilbúin í september 2022.

Hagsmunaaðilar

Samstarfshópur ræddi mögulega samráðsaðila sem ef til vill væri gott að funda sérstaklega með, rætt var um þyrluflug og að funda sérstaklega með landeigendum sem nytja Látrabjarg til eggjatöku. Þegar hagsmunaaðilagreining hefur verið sett fram verður hægt að meta betur hvaða aðilum verður fundað sérstaklega með.

Næstu skref:

- 1) Þórdís ber ábyrgð á að setja upp heimasvæði á heimasíðu Umhverfisstofnunar með upplýsingum um samráðsáætlun og verk og tímaáætlun.
- 2) Edda og Þórdís setja upp drög að hagsmunaaðilagreiningu og senda á hópinn fyrir næsta fund (janúar 2022).
- 3) Næsti fundur verður um miðjan janúar 2022 þar sem samstarfshópurinn fersaman yfir drög að hagsmunaaðilagreiningu.